



**Forspárhæfni kennitalna úr ársreikningum um hagnað á hlut fyrirtækja**  
**Ingvar Þór Þorsteinsson**

**B.Sc. í viðskiptafræði**

Vorönn 2014  
Leiðbeinandi:  
Haukur Freyr Gylfason

Ingvar Þór Þorsteinsson  
Kt. 250482-3619

## Útdráttur

Rannsókn var gerð til að athuga hvort það væri hægt með tölfræðilega marktækum hætti að spá fyrir um hagnað á hlut hjá fyrirtækjum. Rannsóknaraðferðin sem var notuð var einvíð aðhvarfsgreiningu. Skýribreyturnar voru kennitölur sem reiknaðar voru út frá ársreikningum fyrirtækja. Kennitölurnar voru eftirfarandi: Arðsemi eigin fjár, eiginfjárlutfall, veltufjárlutfall og sjóðsstreymiskennitala. Fyrirtækin sem notuð voru í rannsókninni voru níu talsins. Fjögur þeirra voru íslensk en hin voru eitt frá hverju landi af hinum norðurlöndunum. Tímabil ársreikningana voru fimm ár eða rekstrarniðurstöður árána 2008 til 2012. Ársreikningarnir voru því alls fjörutíu og fimm talsins eða fimm frá hverju fyrirtæki. Fyrri rannsóknir sem nokkrum er gerð skil í þessari skýrslu höfðu sýnt fram á að það væri hægt að nota kennitölur til að spá fyrir um hagnað á hlut. Þær rannsóknir voru unnar út frá gögnum frá til dæmis bandarískum, breskum og jórdönskum fyrirtækjum. Engin rannsókn kom í leitirnar sem snérist um fyrirtæki frá norðurlöndunum og því var áhugavert að rannsaka hvort þessi aðferð gagnaðist fyrir þau. Niðurstaðan rannsóknarinnar er sú að ekki er hægt að nota arðsemi eigin fjár, eiginfjárlutfall, veltufjárlutfall og sjóðsstreymiskennitala til að spá fyrir um hagnað á hlut fyrirtækja. Niðurstöðurnar fræðimanna um að hægt sé að nota kennitölur því á við niðurstöður þessarar rannsóknar. Nálgað þarf niðurstöður rannsóknarinnar með tilliti til þess að fyrirtækin eru fá, ólík og tímabilið stutt.

**Abstract**

This research was conducted to investigate if it is possible in statistically significant term to predict earnings per share. The research method which was adopted was regression. The independent variables were financial ratios calculated from corporate annual reports. These were the financial ratios: Return on equity, equity ratio, current ratio and cash flow ratio. The companies in this research were nine. Four of them Icelandic but the others are from each of the other Scandinavian countries. The annual reports included operational outcome for the period between 2008 and 2012. Therefore the annual reports counted forty five or five from each firm. Earlier published researches some of them are covered in this report had indicated that it is possible to predict earnings per share by using financial ratios. These researches cover for example companies from America, Britain and Jordan. No earlier researches were found that covered Scandinavian companies and therefore it was interesting to investigate whether this approach applies to them. The results from this research is that it is not possible to predict earnings per share statistically significant by using financial ratios. The results from scholars that using financial ratios is opposite to the results from this research. It is important while considering these results to realise that number of firms is small, they are different from each other and the period is short.

**Þakkir**

Ég vil sérstaklega koma á framfæri þakklæti til leiðbeinanda míns Hauks Freys Gylfasonar fyrir góð ráð og aðstoð við rannsóknina. Ég vil einnig þakka honum fyrir kennsluna síðastliðið tólf mánuði í námskeiðunum aðferðarfræði, hagnýtri tölfraði II og markaðs- og viðskiptarannsóknunum því þar var lagður grunnur að þeirri þekkingunni sem gerir mér kleift að stunda rannsóknir á borð við þessa.

## Efnisyfirlit

Töfluyfirlit.....	6
1. Inngangur .....	8
2. Fyrri rannsóknir .....	9
3. Tilgangur.....	10
4. Aðferð .....	10
4.1 Fyrirtæki.....	11
4.2 Rannsóknarsnið.....	11
4.3 Framkvæmd .....	12
4.4 Útreikningar .....	12
5. Niðurstöður .....	18
6. Umræða.....	19
Heimildaskrá.....	21
Viðauki A – Keyrslur úr SPSS.....	29
Viðauki B – Ársreikningar.....	33
Viðauki C – Kennitölur.....	35
Viðauki D – Fyrirtæki.....	38
Viðauki E – Alþjóðlegir reikningskilastaðlar.....	41

## Töfluyfirlit

Tafla 1. Meðaltal miðgengis amerísks dollars, danskrar krónu, norskrar krónu, sænskrar krónu og evru fyrir árin 2008 til 2012.....	12
Tafla 2. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá BioPorto.....	13
Tafla 3. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Hafslund.....	13
Tafla 4. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Rapala.....	14
Tafla 5. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Gunnebo.....	14
Tafla 6. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Össuri.....	15
Tafla 7. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Marel.....	15
Tafla 8. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Icelandair.....	16
Tafla 9. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Atlantic Airways.....	16

Tafla 10. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Nýherja.....17

Tafla 11. Tengsl hagnaðar á hlut við veltufjárhlutfall (VFH), eiginfjárhlutfall (EFH), arðsemi eiginfjár (AEF) og sjóðsstreymiskennitölu (SSK).....17

## 1. Inngangur

Hlutabréf er eignarhlutur lögaðila í fyrirtæki (Harrison og Kreps, 1978). Sá aðili sem bindur fé sitt í hlutabréfum er skilgreindur sem fjárfestir. Til þess að nokkur fjárfestir sé viljugur til þess að fjárfesta þarf hann að fá tekjur fyrir að binda fjármagnið sitt í hlutabréfunum. Þessar tekjur geta m.a. verið í formi arðs, vaxta og hækkunar á. Sá vettvangur sem við þekkjum í dag þar sem kaup og sala milli aðila á hlutabréfum er kallaður hlutabréfamarkaður. Saga hlutabréfamarkaða í heiminum er löng en fyrsti virki hlutabréfamarkaðurinn leit dagsins ljós í Belgíu, nánar tiltekið Andwerpen árið 1531 (Houtman-De Smedt, 1994). Það er eftir miklu að slægjast því margt af ríkasta fólki heims á að stórum hluta auð sinn vel heppnuðum fjárfestingum á hlutabréfamörkuðum að þakka. Þar má til dæmis nefna Warren Buffet sem er þriðji ríkasti einstaklingurinn í heiminum nú um mundir („Warren Buffett“, e.d.). Miklar sveiflur geta þó myndast í verði á hlutabréfum. Þegar illa gengur og hlutabréf lækka mikið í verði þá er talað um svartsýnismarkað (e. *bear market*). Þá myndast örvinglun á markaðnum sem veldur því að aðilar reyna í miklu magni að losa sig við hlutabréfin sín á mjög skömmum tíma. Framboðið eftir bréfunum verður yfirdrifið en þegar jafnvægi kemst á aftur gengur hluti verðlækkunarinnar oft til baka. Andstæðan við svartsýnismarkað er bolamarkaður (e. *bull market*). Í þannig ástandi myndast mikil eftirspurn eftir hlutabréfum og verðið hækkar mikið á skömmum tíma. Það er einnig þekkt að í kjölfarið gengur hluti verðhækkunarinnar til baka og það myndast jafnvægi (Day og Huang, 1990).

Upphaf þess að spá fyrir um hlutabréfaverð má rekja til ársins 1953 með sögulegum gögnum um hagnað fyrirtækja. Maður að nafni Kendall reyndi á þetta fyrst eftir að hafa veitt því athygli að hlutabréfaverðið að því er virtist sveiflaðist upp og niður fyrir einskæra tilviljun (Lewellen, 2004). Í rannsókn Kendall kemur fram að breytingin á hlutabréfaverðum væri minna kerfisbundin heldur en menn töldu á þessum tíma (Kendall og Hill, 1953). Með því að getað spáð fyrir um þætti á borð við veður, hlutabréfaverð og hagnað á hlut eru minni líkur á slæmum ákvörðunum og hægt að draga úr áhættu. Áhætta samkvæmt skilgreiningu er: „Möguleiki á að eitthvað slæmt gerist á einhverjum tímapunkti í framtíðinni, aðstæðurnar geta verið hættulegar eða haft neikvæðar afleiðingar“ (Hornby, 2000, bls. 1105). Fjárfestar eru í eðli sínu áhættufælnir (e. *risk averse*). Þeir vilja þó fá sem mestu ávöxtun í hlutfalli við áhættustigið af fjárfestingunni sem þeir gefa sér (Hirschey og Nofsinger, 2008). Innan hagfræðinnar eru áhættufælnir fjárfestar skilgreindir á þá leið að þeir munu ekki taka sanngjörnu veðmáli. Veðmál telst sanngjarnt ef vænt útkoma (e. *expected value*) þess er núll (Rabinowicz, 2002).



Þeir sem eru áhættuhlutlausir (e. risk neutral) er sama hvort þeir taki þátt í sanngjörnu veðmáli eða ekki. Hinir áhættusæknu (e. risk preferring) munu taka sanngjörnu veðmáli (Perloff, 2012).

Ef hægt væri að reikna út með mikilli nákvæmni hver arðurinn yrði, þá væri hægt að auðgast verulega. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hagnaður á hlut er lykilatriði í verðmyndun hlutabréfa að mati margra sérfræðinga (Chugh og Meador, 1984) og svo mikilvægt að spá um vænt gildi á hagnaði á hlut hefur áhrif á verðið (Clayman og Schwartz, 1994; Bradshaw, 2004; Ohlson og Juettner-Nauroth, 2005). Hagnaður á hlut er fundin út með því að deila hagnaði að frádregnum arði forgangshlutabréfa með fjölda útistandandi hluta í fyrirtækinu. Það þarf að hafa hugfast að margt ber að varast varðandi hlutabréfakaup. Rannsóknnum á borð við þeirra De Bondt og Thaler, Chopra o.fl. og Dissanaïke (eins og vísað er til í Al-Qaisi, 2011) ber saman um að ef hlutabréf fyrirtækis á markaði hefur skilað góðum arði í nokkur ár, þá hefur það tilhneigingu til að valda vonbrigðum og standa sig verr en meðalfyrirtæki. Til að hægt sé að búa til spá þurfa að vera gögn til staðar um það sem liðið er og hefur áhrif á niðurstöðuna sem spá á fyrir. Aðferðum til að búa til spár er gróflega skipt upp í þrjár aðferðir sem eru: 1. Einvíð aðferð sem byggist á því að athugað er áhrif einnar skýribreytu á háðu breytuna. 2. Margvíð aðferð gengur út á að nota margar skýribreytur til að mæla áhrif á háðu breytuna. Þessi aðferð er aðeins flóknari en sú einvíða. 3. Dómgreindar aðferð (e. *judgemental forecasts*) þar sem fjármálagreinendur afla sér upplýsinga og spá fyrir um hver niðurstaðan mun verða (Chatfield, 2002). Eins og búast má við eru fræðimenn ekki sammála um hvaða tegund spálíkana þykir gefa nákvæmstu niðurstöðuna, þar eð að vera sem næst hinni sönnu niðurstöðu. Conroy og Harris (1987) og Schipper (1991) segja í greinum sínum að spár fjármálagreinenda um væntan hagnað á hlut eru nákvæmari heldur en spár tímaraða móðela. Rannsóknnum Clement (1999) og Clement og Tse (2005) ber þar að auki saman um að nokkur atriði bæti spár fjármálagreinenda. Sérstaklega er bent á að eftir því sem stærri vinnustað fjármálagreinandinn vinnur á þá eykst gæði spánna, því hann hefur aðgang að betri og umfangsmeiri upplýsingum. Þá ná fjármálagreinendur sem hafa byggt upp sérþekkingu á ákveðnum atvinnugeirum að lágmarka og fækka villum í spám þeirra.

## 2. Fyrri rannsóknir

V/I hlutfall hefur verið nota með nokkrum árangri til að spá fyrir um verðandi arðgreiðslur (t.d. Chan, Jegadeesh og Lakonishok, 1995; Davis, 1994; Fama og French, 1992; Fama og French, 1993; Fama og French, 1995; Jiang og Lee, 2007; Kothari og Shanken, 1997; Kothari, Shanken og Sloan, 1995; Lewellen, 2004; Loughran, 1996; Pontiff og Schall, 1998; Vuolteenaho, 2002)

þó styrkur sambandsins fari að nokkru eftir stærð þeirra fyrirtækja sem notuð eru í úrvinnslunni (Kothari, Shanken og Sloan, 1995; Loughran, 1996) og tímabila sem eru notuð (Breen og Korajczyk, 1994). Þá hefur kennitalan arðshlutfall einnig sannað forspárhæfni sína fyrir hagnað á hlut (t.d. Campbell og Hamao, 1992; Campbell og Shiller, 1988; Campbell og Thompson, 2008; Campbell og Yogo, 2006; Fama, 1990; Fama og French, 1988; Fama og French, 1989; Shiller, 1984) en þó eru vísbendingar uppi um að svo sé ekki allsstaðar í heiminum (Sentana og Wadhvani, 1991). Kennitalan hagrænn virðisauki (e. Economic value added (EVA)) hefur líka þótt gagnleg til að spá fyrir um hagnað á hlut (Ismail, 2011; Machuga, Pfeiffer og Verma, 2002; Sparling og Turvey, 2003) en hefur þó einnig hlotið mikla gagnrýni (Griffith, 2006). Þá gerði Al-Qaisi (2011) fremur litla rannsókn sem þessi rannsókn byggir á. Al-Qaisi kannaði með aðhvarfsgreiningu sem innihélt sjö óháðar breytur hvort mögulegt væri að spá fyrir um hagnað á hlut fyrirtækja. Aðeins þrjár þeirra höfðu tölfræðilega marktækan skýringarmátt en þær mynduðu líkan sem bjó yfir 42,6% skýringarmætti. Al-Qaisi notaði gögn um tíu fyrirtæki sem öll voru úr sama atvinnugeiranum og tímabilið spannaði fimm ár. Þær breytur sem reyndust vera gagnlegar voru: fjármögnunarahreyfingar (e. *financial ratio*), hagnaðarbreytu (e. *economic ratio*) og framlegðarbreytu (e. *commercial ratio*).

### 3. Tilgangur

Áhuginn á arðgreiðslum og hlutabréfaverði hefur lengi verið til staðar. Því lá beinast við að hrinda af stað rannsókn því tengdu í framkvæmd. Aðferðarfræðin var ákveðin eftir að ég las grein Al-Qaisi (2011) þar sem notast er við aðhvarfsgreiningu við að athuga hvort það væri hægt að spá fyrir um hagnað á hlut út frá kennitölum úr ársreikningum fyrirtækja.

Í þessari rannsókn er verið að kanna fjórar skýribreytur. Þær eru eigin- og veltufjárhlutfall, sjóðsstreymiskennitala og arðsemi eigin fjár. Athugað verður hvort hægt sé að nota þær allar í sitthvoru lagi til að spá fyrir um hagnað á hlut.

Rannsóknarspurningin er: Eru kennitölurnar veltufjárhlutfall (VFH), eiginfjárhlutfall (EFH), arðsemi eiginfjár (AEF) og sjóðsstreymiskennitalan (SSK) gagnlegar til að spá fyrir um hagnað á hlut?

## 4. Aðferð

### 4.1 Fyrirtæki

Eingöngu er hægt að notast við fyrirtæki sem eru á almennum hlutabréfamarkaði. Þá þurfa þau að uppfylla það skilyrði ásamt því að hafa verið á markaði árin 2008 - 2012. Því miður eru aðeins fimm fyrirtæki á hinum íslenska hlutabréfamarkaði sem uppfylla þessi skilyrði en það eru: Össur (sjá nánar: Viðauki D - Össur, bls. 39), Marel (sjá nánar: Viðauki D - Marel, bls. 39), Icelandair Group (sjá nánar: Viðauki D - Icelandair Group, bls. 39), Nýherji (sjá nánar: Viðauki D - Nýherji, bls. 39) og Atlantic Airways (sjá nánar: Viðauki D - Atlantic Airways, bls. 40). Það var því brugðið á það ráð að bæta við fyrirtækjum frá hinum norðurlöndunum eða einu frá hverju landi. Íslensku fyrirtækin urðu að vera ráðandi í gögnunum og því var aðeins eitt fyrirtæki frá hverju landi í Skandinavíu. Þessi auka fyrirtæki voru valin á þann hátt að öllum fyrirtækjum sem skráð eru á Skandinavísku kauphöllinni Nasdaq OMX Nordic voru skráð í excel skjal og mynduðu þýðið eða 505 fyrirtæki. Því næst var innbyggðu random falli í excel beitt við að velja fyrirtækin. Niðurstaðan var sú að danska fyrirtækið var BioPorto (sjá nánar: Viðauki D - BioPorto, bls. 40), norska fyrirtækið Hafslund (sjá nánar: Viðauki D - Hafslund, bls. 40), finnska fyrirtækið Rapala VMC (sjá nánar: Viðauki D - Rapala VMC, bls. 40) og sænska fyrirtækið Gunnebo (sjá nánar: Viðauki D - Gunnebo, bls. 41) mynduðu hið handahófskennda úrtak. Þar sem ekkert af þessum fyrirtækjum gerir upp í íslenskum krónum þurfti að umbreyta öllum upphæðum sem koma fram í þessari rannsókn yfir í íslenskar krónur.

### 4.2 Rannsóknarsnið

Skýribreytur voru kennitölurnar veltufjárhlutfall (VFH) (sjá nánar: Viðauki C - Veltufjárhlutfall, bls. 36), eiginfjárhlutfall (EFH) (sjá nánar: Viðauki C - Eiginfjárhlutfall, bls. 37), arðsemi eiginfjár (AEF) (sjá nánar: Viðauki C - Arðsemi eigin fjár, bls. 37) og sjóðsstreymiskennitalan (SSK) (sjá nánar: Viðauki C - Kennitala tengd sjóðsstreymi, bls. 37) en þær eru hluti helstu kennitala ársreikninga að mati Deloitte (2011).

Háða breytan er hagnaður á hlut (sjá nánar: Viðauki C - Hagnaður á hlut, bls. 36) en hún var reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$\text{Hagnaður á hlut} = \frac{\text{Hagnaður eftir skatta}}{\text{Fjöldi útistandandi hluta að meðaltali}}$$

Eftir að kennitalan hafði verið reiknuð út varð að taka lógaritmann af henni til að minnka skekkjuna í leifunum.

Skýribreyturnar voru síðan reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

$$\text{Veltufjárhlutfall} = \beta_{VFH} = \frac{\text{Veltufjármunir}}{\text{Skammtímaskuldum}}$$

$$\text{Eiginfjárhlutfall} = \beta_{EFH} = \frac{\text{Eigið fé}}{\text{Eignum}}$$

$$\text{Eiginfjárhlutfall} = \beta_{EFH} = \frac{\text{Eigið fé}}{\text{Eignum}}$$

$$\text{Eiginfjárhlutfall} = \beta_{EFH} = \frac{\text{Eigið fé}}{\text{Eignum}}$$

### 4.3 Framkvæmd

Þegar ársreikningar allra félaganna höfðu verið sóttir voru kennitölurnar eða skýribreyturnar reiknaðar út og settar upp í excel. Því miður lágu ársreikningar fyrir rekstrarárið 2013 ekki fyrir þegar gagnaöflun fór fram. Fyrirtækjaár rannsóknarinnar voru 45 þar sem fyrirtækin eru níu og árin fimm. Að því loknu voru allar upphæðunum breytt yfir í íslenskar krónur. Þá voru niðurstöðurnar slegnar inn í SPSS og aðhvarfsgreiningin keyrð. Þessi rannsókn er byggð á rannsókn Al-Qaisis (2011). Notast var við einvíða aðhvarfsgreiningu þar sem könnuð voru tengsl hvernar kennitölu við hagnað á hlut. Hagnaði á hlut var seinkað um eitt ár ( $t - 1$ ) og þar með athugað hvort kennitölur fyrra árs hafi forspárhæfni. Þetta þarf að gera því upplýsingar um hagnað á hlut eru gerðar opinberar á sama tíma og niðurstöður rekstrarárs fyrirtækja.

### 4.4 Útreikningar

Til þess að umbreyta öllum erlendu upphæðunum yfir í íslenskar krónur var notast við meðaltal miðgengis, sem er meðaltal kaupgengis og sölugengis hvers gjaldmiðils fyrir sig fyrir hvert ár sem rannsóknin náði til.

Tafla 1. Meðaltal miðgengis amerísks dollars, danskrar krónu, norskrar krónu, sænskrar krónu og evru fyrir árin 2008 til 2012.

Ár	Amerískur dollari	Dönsk króna	Norsk króna	Sænsk króna	Evra
2008	88,07	17,09	15,41	13,20	127,46
2009	123,59	23,19	19,80	16,30	172,67
2010	122,04	21,74	20,21	16,96	161,89
2011	116,07	21,67	20,70	17,88	161,42
2012	125,05	21,59	21,50	18,47	160,73

(Seðlabankinn, e.d.)

Hvert fyrirtæki var reiknað út í einu og niðurstaðan var þessi:

Tafla 2. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá BioPorto.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
BioPorto	Eiginfjárhlutfall	-0,06	0,19	0,16	0,76	0,81
	Veltufjárhlutfall	0,92	4,03	3,52	4,02	0,49
	Sjóðsstreymis- kennitala	-0,84	-0,64	-0,64	-0,66	-0,72
	Arðsemi eigin fjár	-0,03	-0,03	-0,03	-0,04	-0,04
	Hagnaður á hlut ISK	-6,91	-7,37	-7,39	-9,51	-6,67
	Gengi DKK	21,59	21,67	21,74	23,19	17,09

(BioPorto, 2009-2013)

Tafla 3. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Hafslund.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
Hafslund	Eiginfjárhlutfall	0,31	0,33	0,35	0,39	0,41
	Veltufjárhlutfall	0,49	0,64	1,34	1,38	1,13
	Sjóðsstreymis- kennitala	0,02	0,38	0,04	0,16	0,09
	Arðsemi eigin fjár	-0,01	0,04	0,15	0,03	0,03
	Hagnaður á hlut ISK	53,75	51,76	151,55	44,56	34,68
	Gengi NOK	21,50	20,70	20,21	19,80	15,41

(Hafslund, 2009-2013)

Tafla 4. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Rapala.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
Rapala	Eiginfjárhlutfall	0,42	0,43	0,43	0,43	0,38
	Veltufjárhlutfall	2,21	1,32	1,47	1,61	1,54
	Sjóðsstreymis- kennitala	0,13	0,09	0,07	-0,03	-0,02
	Arðsemi eigin fjár	0,10	0,13	0,17	0,13	0,19
	Hagnaður á hlut ISK	36,97	484,26	380,44	-590,52	245,99
	Gengi EUR	160,73	161,42	161,89	172,67	127,46

(Rapala, 2009-2013)

Tafla 5. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Gunnebo.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
Gunnebo	Eiginfjárhlutfall	0,39	0,45	0,43	0,33	0,20
	Veltufjárhlutfall	1,90	3,04	3,63	4,43	1,53
	Sjóðsstreymis- kennitala	0,06	0,11	0,08	0,03	0,05
	Arðsemi eigin fjár	8,90	14,10	12,20	-18,00	10,40
	Hagnaður á hlut ISK	4,25	53,63	39,86	-55,76	25,47
	Gengi SEK	18,47	17,88	16,96	16,30	13,20

(Gunnebo, 2009-2013)

Tafla 6. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Össuri.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
Össur	Eiginfjárhlutfall	0,69	0,63	0,57	0,50	0,41
	Veltufjárhlutfall	1,90	1,70	1,90	2,30	1,00
	Sjóðsstreymis- kennitala	0,38	0,30	0,33	0,23	0,15
	Arðsemi eigin fjár	0,10	0,10	0,10	0,08	0,11
	Hagnaður á hlut ISK	10,52	8,89	9,48	6,55	6,17
	Gengi USD	125,05	116,07	122,04	123,59	88,07

(Össur, 2009-2013)

Tafla 7. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Marel.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
Marel	Eiginfjárhlutfall	0,47	0,43	0,39	0,37	0,31
	Veltufjárhlutfall	1,30	1,20	1,40	1,60	0,90
	Sjóðsstreymis- kennitala	0,14	0,13	0,21	0,13	0,07
	Arðsemi eigin fjár	0,09	0,10	0,04	-0,04	-0,04
	Hagnaður á hlut ISK	7,84	7,59	3,03	-3,38	-2,18
	Gengi EUR	160,73	161,42	161,89	172,67	127,46

(Marel, 2009-2013)

Tafla 8. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Icelandair.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
Icelandair	Eiginfjárhlutfall	0,39	0,36	0,34	0,16	0,20
	Veltufjárhlutfall	0,94	0,91	1,16	0,58	0,43
	Sjóðsstreymis- kennitala	1,10	4,86	5,20	0,96	0,46
	Arðsemi eigin fjár	0,09	0,07	0,25	-0,89	-0,62
	Hagnaður á hlut ISK	1,11	0,85	3,05	-11,02	-5,49
	Gengi USD	125,05	116,07	122,04	123,59	88,07

(Icelandair, 2009-2013)



Tafla 9. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Atlantic Airways.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
Atlantic Airways	Eiginfjárhlutfall	0,49	0,65	0,55	0,54	0,52
	Veltufjárhlutfall	1,47	2,07	1,64	1,67	2,08
	Sjóðsstreymis- kennitala	0,34	0,63	0,34	0,38	0,36
	Arðsemi eigin fjár	0,06	0,10	0,06	-0,03	0,10
	Hagnaður á hlut ISK	292,80	471,87	259,34	-148,18	377,29
	Gengi DKK	21,59	21,67	21,74	23,19	17,09

(Atlantic Airways, 2009-2013)

Tafla 10. Niðurstöður útreikningana á eigin- og veltufjárhlutfalli, sjóðsstreymiskennitölu, arðsemi eigin fjár, hagnaði á hlut og gengi dönsku krónunnar fyrir árin 2008 til 2012 hjá Nýherja.

Fyrirtæki:	Kennitala:	Ár				
		2012	2011	2010	2009	2008
Nýherja	Eiginfjárhlutfall	0,28	0,26	0,30	0,13	0,19
	Veltufjárhlutfall	1,17	1,03	1,16	0,50	0,78
	Sjóðsstreymis- kennitala	0,04	0,02	0,01	-0,01	0,01
	Arðsemi eigin fjár	0,05	-0,04	0,16	-1,08	-0,61
	Hagnaður á hlut ISK	0,27	-0,22	1,28	-4,93	-4,68

(Nýherja, 2009-2013)

## 5. Niðurstöður

Niðurstöðurnar voru þær að ekki er hægt með tölfræðilega marktækum hætti að nota arðsemi eiginfjár, sjóðsstreymiskennitöluna, eigin- og veltufjárhlutfall til þess að spá fyrir um hagnað á hlut (sjá töflu 11).

Tafla 11. Tengsl hagnaðar á hlut við veltufjárhlutfall (VFH), eiginfjárhlutfall (EFH), arðsemi eiginfjár (AEF) og sjóðsstreymiskennitölu (SSK).

Skýribreytur	Lógaritmi af hagnaði á hlut
Veltufjárhlutfall (VFH)	0,131
Eiginfjárhlutfall (EFH)	0,243
Arðsemi eiginfjár (AEF)	0,054
Sjóðsstreymiskennitala (SSK)	0,301

Fylgnistuðull Pearsons; \*  $p < 0,05$

## 6. Umræða

Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga hvort hægt var að búa til líkan svo hægt sé fyrir fjárfesta að ná forskoti fram yfir aðra til að gera góða fjárfestingu á hlutabréfamarkaði.

Niðurstaðan þessarar rannsóknar var sú að það er ekki hægt með tölfræðilega marktækum hætti hægt að nota arðsemi eigin fjár, eigin- og veltufjárlutfall né sjóðsstreymiskennitöluna til þess að búa til slíkt líkan.

Fjöldi rannsókna hefur skýrt frá tengslum kennitalna við hagnað á hlut (t.d. Al-Qaisi, 2011; Campbell og Hamao, 1992; Campbell og Shiller, 1988; Campbell og Thompson, 2008; Campbell og Yogo, 2006; Chan, Jegadeesh og Lakonishok, 1995; Davis, 1994; Fama og French, 1988; Fama og French, 1989; Fama og French, 1992; Fama og French, 1993; Fama og French, 1995; Ismail, 2011; Jiang og Lee, 2007; Kothari og Shanken, 1997; Kothari, Shanken og Sloan, 1995; Lewellen, 2004; Loughran, 1996; Machuga, Pfeiffer og Verma, 2002; Pontiff og Schall, 1998; Shiller, 1984, Fama, 1990; Sparling og Turvey, 2003; Vuolteenaho, 2002). Af þeim rannsóknum er rannsókn Al-Qaisi (2011) sambærilegust þessari rannsókn. Niðurstöður rannsóknarinnar eru ekki í samræmi við niðurstöður Al-Qaisi (2011). Í hans rannsókn höfðu skýribreytur tengsl við hagnað á hlut. Fylgni hagnaðar á hlut við framlegðarbreytuna var 0,64, við hagnaðarbreytuna 0,52 og við fjármögnunarhreyfingar 0,29. Líkanið sem hann bjó til með margvíðri aðhvarfsgreiningu sem innihélt allar þessar þrjár breytur bjó yfir talsverðum skýringarmætti þar sem  $R^2$  var 42,6%. Gögn rannsóknarinnar buðu ekki upp á margvíða aðhvarfsgreiningu þar sem engin marktæk breyta var í fylgnifylkinu og því lítil ástæða að skoða margvitt líkan.

Þessi rannsókn er ekki án takmarkana. Fyrst ber að nefna að fjöldi íslenska fyrirtækja í Kauphöllinni er mjög lítill og því erfitt að gera svona rannsókn eingöngu á íslenskum fyrirtækjum. Í til dæmis úrtaki Al-Qaisi (2011) voru þó ekki nema tíu fyrirtæki. Fjöldi fyrirtækja sem voru í rannsókn Machuga, Pfeiffer og Verma (2002) voru 232 til 362 fyrirtæki á ári. Pontiff og Schall (1998) notuðu 30 fyrirtæki og Chan, Jegadeesh, og Lakonishok (1995) voru með 5.295 fyrirtæki. Þá reyndist ómögulegt, með svona fáum fyrirtækjum, að taka tillit til hvers og eins þeirra með t.d. vísibreytum (e. dummy variables) eða flóknari líkanasmíð. Í úrtaki Al-Qaisi eru öll fyrirtækin iðnfyrirtæki í sama geiranum frá sama landinu. Það gerir það að verkum að meiri líkur eru á að sveiflur milli ára eru jafnar meðal allra fyrirtækjanna. Fyrirtæki þessarar rannsóknar eru eins ólík og þau eru mörg, fyrir utan að það eru tvö flugfélög. Tímabilið einkenndist einnig af miklum umrótum í íslensku viðskiptalífi sem hafa meðal annars valdið því að Ícelandair gengu í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á tímabilinu.

Ef tafla 8 er skoðuð kemur fram að arðsemi eiginfjár var -0,89 árið 2009 en 0,09 árið 2012. Þá má einnig sjá að hagnaður á hlut er -11,02 kr. árið 2009 en 1,11 krónur árið 2012. Til þess að fá nákvæmari niðurstöður þá hefði einnig þurft að meta lengra tímabil. Machuga, Pfeiffer og Verma (2002) voru með 15 ár. Kothari, Shanken og Sloan (1995) voru með 49 ár en Loughran (1997) 33 ár. Fama & French (1993) notuðu 65 ár og Lewellen (2004) var með 54 ár. Al-Qaisi (2011) notaði þó ekki nema fimm ár. Nokkur atriði er komu upp varðandi heimaland fyrirtækjanna, því gengissveiflur skekkja einnig myndina og það hefði hentað betur ef fyrirtækin gerðu öll upp í sömu mynt. Þá hefur verðbólga einnig þau áhrif að samanburðurinn skekkist.

Þessi rannsókn var ótímabær, upphaflega hugmyndin var að einskorða rannsóknina við íslensk fyrirtæki en fjöldinn var ekki nægur. Mögulega hefði verið betra að vinna rannsóknina miðað við fjárhagsupplýsingar fyrir hrún ef hún hefði átt að vera unnin fyrir íslenskan markað, því þá hefði úrtakið getað verið stærra. Það hefði þó ekki náðst að hafa góðan fjölda af fyrirtækjum innan sama atvinnugeira.

## Heimildaskrá

About us. (e.d.). Sótt 19.03.2014 af <http://www.bioporto.com/About-Us/About-us.aspx#picked0>

Al-Qaisi, K. M. (2011). Predicting the Profit per Share Using Financial Ratios. *Asian Journal of Finance & Accounting*, 3(1).

Atlantic Airways (2009). Annual Report 2008. Útg. Sørvágur, Færeyjar

Atlantic Airways (2010). Annual Report 2009. Útg. Sørvágur, Færeyjar

Atlantic Airways (2011). Annual Report 2010. Útg. Sørvágur, Færeyjar

Atlantic Airways (2012). Annual Report 2011. Útg. Sørvágur, Færeyjar

Atlantic Airways (2013). Annual Report 2012. Útg. Sørvágur, Færeyjar

Ball, R. (2006). International Financial Reporting Standards (IFRS): pros and cons for investors.

*Accounting & Business Research (Wolters Kluwer UK)*, 36, 5–27.

BioPorto (2009). Annual Report 2008. Útg. Gentofte, Danmörk.

BioPorto (2010). Annual Report 2009. Útg. Gentofte, Danmörk.

BioPorto (2011). Annual Report 2010. Útg. Gentofte, Danmörk.

BioPorto (2012). Annual Report 2011. Útg. Gentofte, Danmörk.

BioPorto (2013). Annual Report 2012. Útg. Gentofte, Danmörk.

Bókamerki Deloitte v7.FH11 - bokamerki.pdf. (e.d.). Sótt 12.03.2014 af

<http://www.deloitte.com/assets/Dcom-Iceland/Local%20Assets/Documents/bokamerki.pdf>

Bradshaw, M. T. (2004). How Do Analysts Use Their Earnings Forecasts in Generating Stock Recommendations? *Accounting Review*, 79(1), 25–50.

Brands | Rapala VMC Corporation. (e.d.). Sótt 19.03.2014 af

<http://rapalavmc.com/company/brands>

Breen, W. J. og Korajczyk, R. A. (1994). On selection biases in book-to-market based tests of asset pricing models. *Northwestern University*, 167.

- Campbell, J. Y., og Hamao, Y. (1992). Predictable Stock Returns in the United States and Japan: A Study of Long-Term Capital Market Integration. *The Journal of Finance*, 47(1), 43–69.  
doi:10.1111/j.1540-6261.1992.tb03978.x
- Campbell, J. Y. og Shiller, R. J. (1988). The dividend-price ratio and expectations of future dividends and discount factors. *Review of Financial Studies*, 1(3), 195–228.  
doi:10.1093/rfs/1.3.195
- Campbell, J. Y. og Thompson, S. B. (2008). Predicting Excess Stock Returns Out of Sample: Can Anything Beat the Historical Average? *Review of Financial Studies*, 21(4), 1509–1531.  
doi:10.1093/rfs/hhm055
- Campbell, J. Y. og Yogo, M. (2006). Efficient tests of stock return predictability. *Journal of Financial Economics*, 81(1), 27–60. doi:10.1016/j.jfineco.2005.05.008
- Chan, L., Jegadeesh, N. og Lakonishok, J. (1995). Evaluating the Performance of Value Versus Glamour Stocks - The Impact of Selection Bias. *Journal of Financial Economics*, 38(3).
- Cash Flow From Operating Activities Definition. (e.d.). Sótt 06.03.2014 af  
<http://www.investopedia.com/terms/c/cash-flow-from-operating-activities.asp>
- Chatfield, C. (2002). *Time-Series Forecasting*. CRC Press.
- Chugh, L. C. og Meador, J. W. (1984). The Stock Valuation Process: The Analysts' View. *Financial Analysts Journal*, 40(6), 41–48.
- Clayman, M. R. og Schwartz, R. A. (1994). Falling in Love Again--Analysts' Estimates and Reality. *Financial Analysts Journal*, 50(5), 66–68.
- Clement, M. B. (1999). Analyst forecast accuracy: Do ability, resources, and portfolio complexity matter? *Journal of accounting & economics*, 27(3), 285–303. doi:10.1016/S0165-4101(99)00013-0
- Clement, M. B. og Tse, S. Y. (2005). Financial analyst characteristics and herding behavior in forecasting. *The Journal of finance*, 60(1), 307-341.

Conroy, R. og Harris, R. (1987). Consensus Forecasts of Corporate Earnings: Analysts' Forecasts and Time Series Methods. *Management Science*, 33(6), 725–738.

Current Assets Definition. (e.d.). Sótt 06.03.2014 af

<http://www.investopedia.com/terms/c/currentassets.asp>

Current Liabilities Definition. (e.d.). Sótt 06.03.2014 af

<http://www.investopedia.com/terms/c/currentliabilities.asp>

Current Ratio Definition. (e.d.) Sótt 06.03.2014 af

<http://www.investopedia.com/terms/c/currentratio.asp>

Damant, D. (2006). Discussion of „International Financial Reporting Standards (IFRS): pros and cons for investors.“ *Accounting & Business Research (Wolters Kluwer UK)*, 36, 29–30.

Davis, J. (1994). The Cross-Section of Realized Stock Returns - The Pre-Compustat Evidence.

*Journal of Finance*, 49(5).

